

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1992.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skal vera kr. 8 800 á árinu 1992.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. mars 1992.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 305/1989 skal vera kr. 6 500.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. desember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Garðabæ 1992.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9 500, fyrir árið 1992. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1991.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera kr. 4 000.

3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi gilda ákvæði vaxtalaga nr. 25 frá 27. mars 1987.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. desember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.